

89. þingflokksfundur, 28. janúar 2015

Fundinn sitja: Helgi Hrafn, Jón Þór, Birgitta, Alla, Halldóra og Svavar.

Berglind Rósa ritar fundargerð.

Dagskráin í dag

Dagskrá þingfundar rædd og verkum skipt.

Kjördæmavika

Ákveðið að nota kjördæmavikuna (9. - 12. febrúar) sem vinnuviku. Klára mál í vinnslu eins og eftirlit með starfsemi lögreglunnar. Helgi og Alla fara til Akureyrar helgina 13.-15. febrúar.

ÖBÍ vill fund

Öryrkjabandalag Íslands hefur óskað eftir fundi með þingflokki Pírata til að kynna og ræða almannatryggingar og tillögur ÖBÍ að breytingum til úrbóta á almannatryggingakerfinu.

Fundur staðfestur miðvikudaginn 18. feb. kl. 13.

Landvernd biður um fund

Landvernd hefur óskað eftir fundi með þingflokki Pírata til að ræða þingmál 305 (breytingar á raforkulögum) og mál 321 (stefnu íslenskra stjórnvalda um lagningu raflína í jörð).

Lagt er til að fundurinn verði haldinn mánudaginn 2. febrúar kl. 13 (búið að fá það staðfest).

Afstaða til líknardauða, fyrirspurn frá Speglinum (RÚV)

Fyrirspurnin:

Spegillinn hyggst á næstu dögum fjalla um líknardauða og þau siðferðislegu álitamál sem honum tengjast. Vegna þessa viljum við kortleggja afstöðu þingflokka til þessa málefnis. Hér á landi er óbeint líknardráp leyfilegt, það er sjúklingur getur afþakkað lífsnauðsynleg lyf, næringu og meðferð. Það er hins vegar ekki leyfilegt að stuðla að dauða einstaklings með beinum hætti, svo sem með því að gefa honum ákveðið lyf. Líknardráp eru heimiluð í Belgíu, Hollandi og Lúxemborg og í Sviss er læknum leyfilegt að aðstoða sjúkling við að enda líf sitt með því að skrifa upp á lyf sem hann tekur síðan sjálfur.

1. Hefur málið verið rætt innan þingflokksins?
2. Hefur þingflokkurinn tekið afstöðu til þess hvort leyfa eigi beinan líknardauða á Íslandi? Ef svo er á hvaða rökum er afstaðan byggð? Í fljótu bragði nei þó þingmenn flokksins hafi

jákvæða afstöðu til málsins. Allir þingmenn heimila, með fyrirvara að vandlega sé farið að málaflökkinum.

3. Telur flokkurinn þörf á því að breyta lögum um líknandi meðferð og líknardauða?
4. Hvaða siðferðislegu þætti þarf helst að hafa í huga verði lögum breytt?
5. Hyggst flokkurinn taka þetta mál fyrir á næstunni? Þingmenn flokksins hafa áhuga á þessu máli en önnur mál eru í forgangi í augnablikinu.

Helgi ætlar að gera drög að svörum við þessum spurningum eftir þingflokksfundinn og leggja fyrir þingflokkinn. Allir þingmenn flokksins hlynntir málinu. Mikilvægt er að hlusta á vísindasiðfræðinga í þessu samhengi.

Starfssamningur Ástu Ragnheiðar

Pírötum hefur borist áskorun um að fá birtan ráðningasamning og starfskjör Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, fyrrverandi forseta Alþingis. Hún hefur verið á launum hjá Alþingi síðan vorið 2013 sem framkvæmdastjóra nefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Birgitta mun leggja fram fyrirspurn varðandi málið.

Önnur mál

Starfshópur um nýja stefnu í fíkniefnamálum hefur ekki burði til að fjalla um allt sem kemur fram í tillögunni (<http://www.althingi.is/altext/143/s/0630.html>). Lagt er til að forgangsraða verkefnum hópsins. Mikilvægt að hópurinn skili sem fyrst sameiginlegu álitni auk sérálits til ráðherra. Mál í forgangi eru afnám fangelsisrefsingar/sakaskrá fyrir varðveislu einstaklinga á neysluskömmtum og skaðaminnkandi leiðir fyrir fíkniefnanotendur (hreinar sprautunálar). Finna þarf skýr verkefni til að fela ráðherra svo breytingar nái í gegn á þinginu. Mikilvægt að halda góðu sambandi við grasrótina, halda henni upplýstri og gefa henni tækifæri að leggja til málanna.

Kannabis í lækningaskyni

Jón Þór og Halldóra Mogensen munu halda áfram að vinna að undirbúningi þingmáls um kannabis í lækningaskyni.

Nóbelsverðlaunatilnefning

Þingflokkurinn mun aftur leggja til að Edward Snowden verði tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels og mun Birgitta senda út bréf þess efnis.

Fundi slitið kl. 14.00.